



28. október 2021  
Tilv.: 2109183

Dreifibréf nr. 62/2021  
til greiðsluþjónustuveitanda og  
Samtaka fjármálafyrirtækja

*Efni:* Viðmiðunarreglur EBA varðandi tilkynningar um meiri háttar frávik í greiðsluþjónustu.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) varðandi tilkynningar um meiri háttar frávik í greiðsluþjónustu (EBA/GL/2021/03), sbr. 3. mgr. 96. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366 (PSD2 tilskipunin).<sup>1</sup> Viðmiðunarreglurnar taka gildi 1. janúar 2022 og beinast að bæði greiðsluþjónustuveitendum og eftirlitsyfirvöldum.

Með nýjum lögum um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021, sem taka gildi 1. nóvember 2021, er PSD2 tilskipunin innleidd hér á landi. Í 100. gr. laganna eru innleidd ákvæði 1. og 2. mgr. 96. gr. tilskipunarinnar sem fjalla um frávikatilkynningar. Þar kemur fram að greiðsluþjónustuveitandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitinu) um alvarlegt rekstrar- eða öryggisfrávik. Auk þess skuli Fjármálaeftirlitið veita EBA og Seðlabanka Evrópu viðeigandi upplýsingar um atvikið.

Í viðmiðunarreglunum er kveðið nánar á um flokkun rekstrar- og öryggisfrávika og settar fram leiðbeiningar um hvaða frávik eigi að tilkynna og hvenær. Einnig eru skilgreind sniðmát og verklag sem greiðsluþjónustuveitendum ber að fylgja við að koma slíkum frávikum á framfæri við eftirlitsaðila. Þá er fjallað um skyldur eftirlitsaðila til að áframsenda EBA tilkynningar um frávik sem falla undir viðmiðunarreglurnar. Viðmiðunarreglurnar munu leysa af hólmi viðmiðunarreglur EBA um sama efni, EBA/GL/2017/10.<sup>2</sup>

Viðmiðunarreglur EBA/GL/2021/03 eru aðgengilegar [hér](#) og EBA/GL/2017/10 eru aðgengilegar [hér](#).

Viðmiðunarreglurnar koma í stað kafla 5.2 í leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2019, vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila, þar sem fjallað er um frávikatilkynningar og framvinduskýrslur. Hins vegar munu áfram gilda leiðbeiningar um tilkynningar frávika sem kynntar voru með dreifibréfi, dags. 25. mars

<sup>1</sup> Revised Guidelines on major incident reporting under PSD2.

<sup>2</sup> Guidelines on major incident reporting under PSD2.

2021, enda byggja þær á viðmiðunarreglum EBA. Ætlast er til þess að viðmiðunartafla í leiðbeiningunum vegna mats á því hvað telst mikilvægt frávík sé haft til hliðsjónar ásamt sambærilegri töflu í viðmiðunarreglunum.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017, eiga lögbær yfirvöld og eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.


Fjármálaeftirlitið beinir því til greiðsluþjónustuveitenda að kynna sér ofangreindar viðmiðunarreglur EBA/GL/2017/10 og EBA/GL/2021/03 og taka mið af þeim í starfsemi sinni. Ætlast er til þess að greiðsluþjónustuveitendur starfi í samræmi við viðmiðunarreglur EBA/GL/2017/10 frá 1. nóvember 2021 til 1. janúar 2022. Frá og með 1. janúar 2022 er ætlast til þess að greiðsluþjónustuveitendur starfi í samræmi við viðmiðunarreglur EBA/GL/2021/03. Frá og með 1. nóvember 2021 þurfa greiðsluþjónustuveitendur því ekki lengur að fylgja eftirtöldum ákvæðum í leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2019: 46.-49. tölul. (kafla 5.2).

Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunareglurnar við mat á því hvort framangreindir aðilar fullnægi kröfum samkvæmt þeim ákvæðum laga sem fjallað er um hér að framan.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit



Elmar Ásbjörnsson  
framkvæmdastjóri  
bankar



Hjálmur Nordal  
forstöðumaður  
bankar